

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, þriðjudaginn 6. desember 2011, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Hafþór Vilberg Björnsson, Elínborg Ólafsdóttir, Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir og Heimir Eyvindarson. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

DAGSKRÁ:

1. Viðburðir um jóla
2. Íþróttamaður ársins 2011
3. Stefnuþótun í MÍF málum
4. Varmahlíðarhús
5. Fréttir frá stofnunum

1. Viðburðir um jóla

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir viðburðadagatalið Jól í bæ 2011 og kynnti jólagluggadagatal bæjarins.

2. Íþróttamenn Hveragerðisbæjar 2011.

Menningar- og frístundafulltrúi lagði fram nafnalista með tillögum að íþróttamönnum Hveragerðis 2011. Tillögur bárust frá knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild Hamars, Blaksambandi Íslands, Fimleikadeild Umf. Selfoss, Golfklúbba Hveragerðis og Íshókkísambandi Íslands. Ákveðið hverjir hljóti viðurkenningar og útnefningar sem íþróttamenn Hveragerðis 2011. Athöfnin verður haldin þriðjudaginn 30. desember kl. 17:00 í Listasafni Árneseinga.

3. Stefnuþótun í MÍF málum

Formaður fór yfir ýmis menningar-, íþróttá- og frístundamál og hvað var stefnt á að gera á næstunni. Ákveðið að fara á þorranum í kynnis- og stefnuþótunarferð.

4. Varmahlíðarhús

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir úthlutun og umsóknir í listamannahús bæjarins. Umræður um að bjóða fleiri faghópum að dvelja í húsínu.

5. Fréttir frá stofnunum

Menningar- og frístundafulltrúi fór yfir starfsemi íþróttamannvirkja og menningarviðburði í nóvember tengda Safnadögum á Suðurlandi

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:15

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Hafþór Vilberg Björnsson, (sign)

Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir, (sign)

Elínborg Ólafsdóttir, (sign)

Heimir Eyvindarson, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)